Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1427
komudagur 5.3.2007

Jafnréttisstofa

Alþingi - Allsherjarnefnd

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 1. mars 2007
*0702027 HRH*

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, mál nr. 80.

Með bréfi dags. 27. febrúar 2007, mótt. 28. febrúar óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunartillögu um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, mál nr. 80. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólk Jafnréttisstofu telur aðgerðir til þess að jafna hlut kynjanna á öllum sviðum samfélagsins mikilvægar og nauðsynlegar.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, þá er mikilvægt að Ísland fullgildi samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Ekki bara svo að hún öðlist gildi heldur einnig vegna mikilvægi málefnisins sem á í hlut og til þess að vinna við málaflokkinn verði markvissari.

Jafnréttisstofa fagnar því þessari þingsályktunartillögu því ljóst er að aðgerða er þörf til að koma í veg fyrir þau mannréttindabrot sem felast í því ferli sem mansal er. Starfsfólk Jafnréttisstofu vonar því að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Svala Jónsdóttir,
staðgegnill framkvæmdastjóra

Hugrún R. Hjaltadóttir,
sérfræðingur